

EIMUR



Hugmyndasamkeppni um nýtingu jarðhita við matvælaframleiðslu

Keppnislýsing 8. mars 2018

Um hvað snýst þetta?

EIMUR, í samstarfi við Matarauð Íslands, Íslensk verðbréf og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, efnir til hugmyndasamkeppni um matvælaframleiðslu með jarðhita á Norðurlandi eystra. Engar skorður eru settar varðandi hvar í framleiðsluferlinu hugmyndin er eða hverskonar framleiðsla er lögð til, til að mynda áframvinnsla matvæla, vinnsla á próteinum, olíum, íblöndunarefnum, svo fátt eitt sé nefnt.

Aðdragandi

Mikil tækifæri liggja í nýtingu jarðvarma í matvælaframleiðslu bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt, en aukin innlend framleiðsla er Íslendingum mikilvæg. Á Norðurlandi eystra er mikið magn af ónýttum jarðhita, einkum lágghita, sem nota má til allskyns framleiðslu matvæla og/eða áframvinnslu þeirra.

Sameiginlegt markmið EIMS og Matarauðs Íslands er að skapa sóknarfæri til frekari verðmætasköpunar með sjálfbærni að leiðarljósi. Bætt nýting jarðvarma við framleiðslu er þar lykilatriði bæði til að framleiða aukið magn, en ekki síður til vöruþróunar.

Markmið

Markmið samkeppninar er að fá fram hugmyndir að aukinni verðmætasköpun í gegnum matvælaframleiðslu, eða áframvinnslu þeirra með jarðvarma á Norðurlandi eystra.

Sjónarmið dómnefndar

Dómnefnd mun leggja áherslu á eftirtalin atriði við mat á tillögum:

- Frumleika og nýsköpun
- Felur verkefnið í sér sjálfbærni og lítið vistspor?
- Er verkefnið atvinnuskapandi?
- Tengir hugmyndin saman ólíkar atvinnugreinar?
- Er raunverulegur markhópur fyrir vöruna?
- Hver er möguleg arðsemi verkefnisins?
- Er líklegt að hugmyndin verði að veruleika?

Tegund og tilhögun samkeppni

Um er að ræða almenna hugmyndasamkeppni og hún er öllum opin. Bæði einstaklingar og fyrirtæki hafa kost á þátttöku.

Nýsköpunarmiðstöð býður upp á ráðgjöf og aðgengi að frumkvöðlasetri við uppsetningu og útfærslu á tillögum í samkeppnina. Nánari upplýsingar gefur Anna Guðný í síma 522 9431 eða annagudny@nmi.is.

Verðlaun

Heildarupphæð verðlauna eru kr. 2.500.000. Þar af nema fyrstu verðlaun kr. 2.000.000.

Íslensk verðbréf bjóða sigurvegaranum aðstoð við:

- Tillögur um hugsanlegar leiðir til fjármögnunar.
- Að meta/gera rekstraráætlun ásamt því að meta áætlaða fjárfestingarþörf.
- Gerð tilboða, endanlegra samninga og annarra löggæringa.

Lýsing á verkefningu


Almenn atriði

Samkeppnin beinist að því að fá fram hugmyndir um fjölbreytta nýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra til framleiðslu eða áframvinnslu matvæla. Eins og áður sagði eru engar skorður settar varðandi hvar í framleiðsluferlinu hugmyndin er eða hverskonar framleiðsla er lögð til.

Keppnissvæðið

Vettvangur samkeppninnar er Norðurland eystra.

Norðurland eystra er mjög ríkt af jarðhita, og má finna jarðhitaauðlindir víðsvegar um svæðið. Þær auðlindir hafa í gegnum tíðina verið nýttar til matvælaframleiðslu. Enn eru fjölmörg tækifæri til að betrubæta þar sem fyrir er og finna alveg nýjar leiðir til matvælaframleiðslu.



Mynd 1 - Einfaldað jarðfræðikort af Íslandi úr skýrslu Dr. Hrefnu Kristmundsdóttur/RMF (2008)

Tæknileg tilhögun samkeppninnar

Þátttökuréttur

Samkeppnin er hugmyndasamkeppni og öllum opin.

Afhending keppnisgagna

Keppnislýsing þessi er aðgengileg á heimasíðu EIMS (www.eimur.is). Ekki er um önnur keppnisgögn að ræða að öðru leyti en því að vísað er í hér að ofan.

Keppnistillögur

Keppnistillögur, þ.e. allt efni þeirra – myndir, teikningar og texti, skulu settar upp fyrir stærðina A1 (hæð 840 mm og breidd 594 mm) og skilað á stífu veggspjaldi úr pappa eða frauðplasti. Hvatt er til notkunar myndefnis (ljósmyndir, skýringarmyndir o.s.frv.) eins og hægt er til að koma hugmyndinni á framfæri. Í texta skal þó lýst megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum. Tillögum skal einnig skilað á rafrænu formi. Athugið að í lok samkeppninnar verður kynning á innsendum tillögum og verður því í boði að senda jafnframt inn greinargerð, sem ekki verður birt, ásamt keppnistillögu. Er það gert ef þátttakendur telja mikilvægt að koma upplýsingum á framfæri við dómnefnd sem eiga einhverra hluta vegna ekki við í þeim hluta sem sýndur verður opinberlega.

Fyrirspurnir

Gefinn er kostur á fyrirspurnum frá keppendum. Fyrirspurnir skal senda til trúnaðarmanns dómnefndar. Sjá nánar dagsetningar keppninnar hér að neðan.

Trúnaðarmaður leggur afrit af fyrirspurnum fyrir dómnefnd. Fyrirspurnir ásamt svörum dómnefndar við þeim verða birtar á heimasíðu EIMS (www.eimur.is). Varðandi tímasetningar svara við fyrirspurnum má sjá hér að neðan.

Skilafrestur, merking og afhending tillagna

Tillögum skal skila í tölvupósti á netfangið tillogur@eimur.is eigi síðar en þriðjudaginn 15. maí kl. 16:00 að íslenskum tíma. Sami frestur er til að skila inn prentuðu veggspjaldi (samkvæmt lýsingu hér að ofan) á heimilisfang trúnaðarmanns, í afgreiðslu Norðurorku. Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent trúnaðarmanni.

Við móttöku tillögu fær keppandi senda í tölvupósti kvittun um móttöku merkta auðkennistölu tillögunnar. Á það einnig við um aðsendar tillögur. Trúnaðarmaður mun merkja tillögu með auðkennistölu þegar hún er móttækin.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma.

Dagsetningar keppninnar

Samkeppni hefst: 8. mars 2018

Skilafrestur fyrirspurna: 6. apríl 2018

Svör við fyrirspurnum: 13. apríl 2018

Skilafrestur tillagna: 15. maí 2018

Dómnefnd og ritari dómnefndar

Í dómnefnd verða fimm aðilar, auk ritara dómnefndar.

Tilnefning stjórnar EIMS:

Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurþings

Tilnefning Nýsköðunarmiðstöðvar Íslands

Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Tilnefning Íslenskra verðbréfa:

Jón Steindór Árnason, framkvæmdastjóri Tækifæris

Tilnefningar Matarauðs Íslands:

Brynja Laxdal, verkefnisstjóri Matarauðs Íslands

Sæmundur Elíasson, verkfræðingur hjá Matís

Ritari dómnefndar:

Snæbjörn Sigurðarson, framkvæmdastjóri EIMS.

Telji dómnefnd ástæðu til þess að kalla til ráðgjafa sér til ráðuneytis verða það fulltrúar úr fagráði EIMS.

Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af fagráði EIMS:

Nafn: Sunna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í endurnýjanlegum orkugjöfum

Heimilisfang: Norðurorka, Rangárvellir

Netfang: tillogur@eimur.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

Úrslit og sýning

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í síðustu viku maí. Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar um mánaðamótin maí/júní. Endanleg dagsetning sýningarinnar verður auglýst síðar. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni. Á sýningunni verða jafnframt kynntar niðurstöður samkeppinnar.

Hagnýting keppnistillagna og fyrirvarar

Aðstandendur samkeppinnar eignast ekki verðlaunaðar tillögur og eiga höfundar þeirra áfram allan rétt til að nýta þær samkvæmt höfundarlögum.

Nema sérstaklega verði óskað eftir öðru mun Eimur geyma tillögurnar og koma þeim á framfæri á þeim vettvangi sem kann að henta í framtíðinni.